



ERINDISBRÉF

Starfshóps um starfsemi Vinjar

Ábyrgð: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Markmið og hlutverk:

Vinna áfram með samantekt starfshóps um Vin frá árinu 2021 með hliðsjón af svohljóðandi tillögu sem samþykkt var í borgarstjórn 6. desember sl.:

Tillaga um Vin dagsetur. Lagt er til að Vin dagsetur verði lagt af en markhópi þjónustunnar mætt með öðru móti á félagsmiðstöðvum borgarinnar. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tók við rekstri Vinjar dagseturs í júlí 2022 en Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu hafði rekið það áður með samningi við Reykjavíkurborg. Rauði krossinn ákvað að hætta rekstrinum. Vin er dagsetur fyrir fólk með geðraskanir og er helsta hlutverk Vinjar að draga úr félagslegri einangrun og skapa vinalagt umhverfi fyrir gesti setursins. Þjónusta til að koma til móts við félagsstarf verður útfærð í samráði við Geðhjálp.

Áður, eða 19. maí 2021, hafði velferðarráð samþykkt svohljóðandi tillögu sem grundvallaðist á vinnu áðurnefnds starfshóps um Vin:

Lagt er til að þjónustumiðstöð Miðborgar, Vesturbæjar og Hlíða yfirtaki rekstur Vinjar á Hverfisgötu og vinni að því að samþætta félagsstarfið í Vin við rekstur félagsmiðstöðva annarsstaðar í borginni. Starfið í Vin verði hluti þeirrar endurskoðunar sem fram fer á félagsstarfi velferðarsviðs en í Reykjavík eru reknar 17 félagsmiðstöðvar. Ljóst er að slík útfærsla hefði minnst áhrif á fastagesti Vinjar.

Samkvæmt þjónustusamningi er áætlaður kostnaður við rekstur Vinjar kr. 46 m.kr. á ári. Ef velferðarsvið tekur reksturinn yfir rúmast kostnaður innan fjárheimilda.

Verkefni starfshóps:

- Ljúka þeirri vinnu sem fara átti fram í kjölfar samþykktar velferðarráðs frá maí 2021, sem tafðist vegna Covid-19, þ.e. útfæra hvernig starfsemi Vinjar getur orðið hluti af rekstri félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar.
- Móta tillögur og leggja inn í stýrihóp um mótun virknistefnu (en hluti af verkefnum þess hóps er að kortleggja virkniúrræði velferðarsviðs og meta hvort og hvernig þau endurspegla þarfir tiltekinna einstaklinga og hópa; kortleggja húsakynni og starfsemi félagsmiðstöðva velferðarsviðs og skoða hvort þau henti sem samfélagshús; og koma með tillögur um framtíðarnýtingu húsnæðis sem nú er nýtt undir félagsstarf, en hentar

ekki undir slíka starfsemi). Að auki verða tillögur hópsins lagðar inn í starfshóp um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni. (Helsta verkefni þess starfshóps er að leggja fram tillögur að heildstæðri stefnumörkun um menningar- og félagsstarfsemi allra aldurshópa í borginni þar sem öflugt félags- og menningarstarf í öllum borgarhlutum og markviss og góð nýting mannauðs, húsnæðis- og fjármuna verði eitt af lykilmarkmiðum).

Starfshópin skipa:

Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri og jafnframt hópstjóri
Andri Vilbergsson, verkefnastjóri á velferðarsviði
Elín Ebba Ásmundsdóttir, varaformaður Geðhjálpar
Halldóra Pálsdóttir, forstöðumaður Vin
Hörður Jónasson, fulltrúi notenda
Kári Auðar Svanson, fulltrúi notenda
Kristín Bjarnadóttir, fulltrúi notenda
Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Vesturmiðstöð
Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ, Bergþór H. Þórðarson, varamaður Þuríðar.

Starfsmaður hópsins: Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks

Til ráðgjafar hópnum:

Anna Sigrún Baldursdóttir, skrifstofustjóri á velferðarsviði
Guðbjörg Sveinsdóttir, geðhjúkrunarfræðingur
Þóra Björk Bjarnadóttir, forstöðumaður vettvangsgeðteymis velferðarsviðs og geðsviðs LSH
Þórunn Sölvadóttir, Klúbburinn Geysir

Vinnutilhögun:

Hópstjóri kallar aðila saman til fundar í janúar. Kynnir samantekt starfshóps frá 2021 og tillögu þá er samþykkt var í borgarstjórn 6. desember sl., jafnframt tillögu þáverandi sviðsstjóra sem samþykkt var í velferðarráði 19. maí 2021. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna og niðurstaðna hópastarfsins mótar starfshópurinn tillögur sem kynntar verða í velferðarráði.

Í starfi sínu skal hópurinn hafa notendasamráð að leiðarljósi.

Starfstími:

25. janúar 2023 –24. mars 2023.

Reykjavík, 25. janúar 2023

Rannveig Einarsdóttir,
sviðsstjóri